

100 17. júní. í slíkum tilgangi kynnu að vera stofnuð í Suður- og Norðurmúlasýslum. Þessa skipting ber að gjöra þannig, að amtsráðið sjálft hafi umráð yfir þeim hluta fjárins, sem búnaðarsjóðnum er veittur; en að það aptur á móti selji sjerhverju af hinum nefndu fjelögum til umráða upphæð þá, sem eptir ætlun amtsráðsins stendur í hæfilegu hlutfalli við þá þýðingu, sem framkvæmdir hlutaðeigandi fjelags hafa hvert í sinni sýslu.

Að því er snertir þann hluta styrks þessa, sem úthluta skal einstökum mönnum í amtinu, hefi jeg, eptir að hafa meðtekið álit amtsráðsins um nokkur af bónarbrjefum þeim, er hingað hafa borizt, veitt styrk til þess, er hjer segir:

- | | |
|---|---------|
| 1. Til gripasýningar í Eyjafirði | 300 kr. |
| 2. — — — — — í Skagafirði | 300 — |
| 3. — Sigurbjargar Friðriksdóttur á Akureyri til að læra mjólkurmeðferð, sbr. brjef mitt frá 29. jan. f. á. (stjórnartíð. B. 7.) | 200 — |
| 4. Páli Eyjólfssyni úr Suðurmúlasýslu til að halda áfram námi sínu við landbúnaðarskólann á Stend í Noregi | 250 — |
| 5. Páli Jóakimssyni í Þingeyjarsýslu til að stunda nám við sama skóla | 250 — |
| Samtals | 1300 — |

Aptur á móti er því skotið á frest að taka ákvörðun um skiptingu á því fje, sem þannig er eptir óveitt, þangað til jeg hefi fengið álit amtsráðsins um þær 2 bønarskrár úr Húnavatnssýslu, er yður, herra amtmaður, voru sendar hjeðan með brjefi frá 25. f. m.

Af framangreindum upphæðum hefi jeg ávísað þeim, sem getur um undir tölulið 1. 2. og 4. alls 850 kr., til útborgunar úr jarðabókarsjóði, en hinum öðrum upphæðum mun jeg ávísa eptir nánari tillögum yðar, herra amtmaður, og bið jeg mjer á sínum tíma í tje látnar þóknanlegar skýrslur um, hvernig amtsráðið hefir útbýtt ofan nefndum 2000 kr. milli hinna einstöku búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða amtsins.

101 22. júní. — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um byggingu þjóðjarða.* — Jafnframt því að benda yður, herra amtmaður, á brjef ráðgjafans fyrir Ísland dags. 28. f. m. um reglur þær, sem eptirleidis ber að gæta við byggingu þjóðjarða, og er það brjef prentað í stjórnartíðindunum þ. á. B. 89, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að þjer fylgið sjálfir fram þessum reglum og brynið fyrir umboðsmönnum þeim, sem þjer eruð skipaðir yfir, að breyta nákvæmlega eptir þeim.

Að því leyti, sem það er tekið fram í brjefi ráðgjafans undir 3. tölulið, að gjöra skuli þjóðjarðalandsetum kost á að fá gjöldum þeim, sem ákveðin eru í hinum nú verandi byggingarbrjefum, breytt á þá leið, að þau sjeu reiknuð eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, ber umboðsmönnum að reikna út á þann hátt, sem tiltekinn er í brjefinu, hið nýja álnatal, sem þannig yrði spurning um, og bjóða hlutaðeigandi landsetum, að semja um að greiða þetta nýja afgangið eptir jörðina í stað gjalds þess, er jörðin upphaflega var byggð með. Skal þar eptir í næsta umboðsreikningi gjöra grein fyrir því, er umboðsmaður hefir stungið uppá við hina einstöku landseta í þessu tilliti, og hverju þeir hafi svarað.

Að því leyti að ítarlegri skýrslur eru nauðsynlegar samkvæmt 4. grein ráðgjafa-brjefsins sbr. og 5. gr. þess, til þess að ákveða byggingarskilmála síðar meir, mun yður, herra amtmaður, verða send, svo fljótt sem auðið er, sundurliðuð skrá bæði yfir þær jarðir, er þarf að útvega ítarlegri skýrslur um, sem og yfir þá byggingarskilmála hinna jarðanna, sem amtsráðið eða hlutaðeigandi sýslunefnd hefir samþykkt eða stungið

upp á samkvæmt umburðarbrjefi mínu frá 19. septbr. 1877, og sem lagðir hafa verið fyrir alþingi. **101**
22. júní.

Enn fremur vil jeg mælast til þess af yður, herra amtmaður, að þjer leggið ríkt á við umboðsmennina að fylgja nákvæmlega fyrirskipun þeirri, sem gefin er undir 7. tölulið í brjefi ráðgjafans, viðvíkjandi umsjón þeirra með hinum einstöku umboðsjörðum, og einkum að þeir komi minnst einu sinni á ári á hverja jörð, sem tilheyrir umboði þeirra, og senda um það skýrslu til yðar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Samkvæmt þessum skýrslum ber yður, herra amtmaður, þar á eptir að senda hingað í marzmánuði ár hvert aðalskýrslu um eptirlit umboðsmanna hið liðna ár með hinum einstöku jörðum, og látið þjer fylgja þar með þær skýrslur umboðsmanna, er álita má, að gætu haft þýðingu fyrir landsstjórnina.

Með tilliti til niðurlagsatriðisins í brjefi ráðgjafans er hjer með ákveðið, að hin fyrrverandi spítalaeign Hörgsland skuli frá 1. jan. 1881 fylgja Kirkjubæjar- Flögu- og Þykkvabæjar klaustursumboði, og að hin fyrverandi spítalajörð Hallbjarnareyri leggjzt undir Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð frá sama tíma, sem og að hin fyrverandi spítalaeign Möðrufell leggjst undir Munkaþverárklaustursumboð, þegar hinn núverandi umboðsmaður Möðrufells sleppir umboði sínu.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um reglugjörð fyrir hreppstjóra.* — Að fengnu álití amtsráðanna samkvæmt 52. gr. tilskipunar um sveitastjórn frá 4. maí 1872 hefi jeg 29. apríl þ. á. gefið út reglugjörð þá fyrir hreppstjóra, sem prentuð er í stjórnartíðindum þ. á. B. 68., og sendi jeg yður, herra amtmaður, nokkur sjerstaklega prentuð exemplör af reglugjörðinni til útbýtingar milli hreppstjóra í umdæmi yðar, og eruð þjer beðnir að leggja fyrir sýslumenn, að leiðbeina hver í sínu hjeraði hreppstjórum til ítarlegs skilnings á reglugjörðinni, og með tilliti til framkvæmdar á embættisverkum þeim, er kunna að koma fyrir hreppstjóra. **102**
22. júní.

Helztu nýmælin í reglugjörðinni eru fyrirskipanirnar í 40. og 41. gr. reglugjörðarinnar um sambandið milli tíundarframtals og búnaðarskýrslanna og um nýja fyrirmynd fyrir þessum skýrslum. Breyting þessi ætlast jeg til, að nái gildi í fardögum 1881, og munu yður verða send eyðublöð undir skýrslurnar fyrir þann tíma.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um heimildarlausan flutning á sveitarómaga og endurgjald á sveitarstyrk.* — Vorið 1862 fluttist Úlfheiður Magnúsdóttir með bónda sínum úr Bøjarhreppi í Skaptafellssýslu, þar sem þau þá voru sveitlæg, austur í Fáskrúðsfjarðarhrepp í Suðurmúlasýslu. Árið 1867 dó bóndi hennar, og skrifaði hreppstjórninn í Fáskrúðsfjarðarhreppi 20. desbr. 1869 Bøjarhreppi, að ekkjan væri orðin ómagi að öllu leyti, og haustið þar á eptir var hún, eptir að Bøjarhreppur hafði játað hana sveitlæga þar, flutt með vegabrjefi sýslumannsins í Suðurmúlasýslu frá 19. september 1870 til Bøjarhrepps. En hreppstjórnir í Bøjarhreppi fluttu hana þegar aptur austur, og var hún eptir það á vegum sonar síns í Fáskrúðsfjarðarhreppi, þangað til hann drukknaði 21. júlí 1873. Hreppsnefndin í Fáskrúðsfjarðarhreppi varð nú að taka hana til fullkominnar framferslu, og ritaði síðan sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu 16. nóvbr. 1874 sýslumanninum í Skaptafellssýslu um að útvega viðurkenning hreppsnefndarinnar í Bøjar- **103**
26. júní.